



109. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. janúar 2010 í Stykkishólmi

Mætt: Kolbrún Reynisdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir varaformaður, Þórólfur Halldórsson, Ásgeir Gunnar Jónsson, Eiríkur Snæbjörnsson, Sigurður Þórólfsson, Þorleifur Eiríksson og Magnús A. Sigurðsson.

Fundarritari: Pálmi Freyr Sigurgeirsson

Formaður setti fund kl. 10:30.

Í upphafi fundar var Friðjóns Þórðarsonar, fyrrum formanns Breiðafjarðarnefndar minnst, en hann lést 14. desember 2009.

Fundargerð 108. fundar

Afgreiðsla: Fundargerðin var upplestin og samþykkt.

Fjármál nefndarinnar árið 2009

Farið var yfir ársuppgjör og fundareiningar nefndarmanna.

Umhverfissvottun Íslands

Breiðafjarðarnefnd telur mikilvægt að sveitarfélög, stofnanir og fyrirtæki við Breiðafjörð afli sér umhverfissvottunar og bendir í því sambandi á skýrsluna *Umhverfissvottað Ísland* sem gefin var út af Náttúrustofu Vesturlands í október 2009.

Upplýsingaskilti við ferjuhafnir á Breiðafirði

Lokayfirferð á texta og myndum.

Afgreiðsla:

Textinn og myndirnar verða sendar til Halldórs hjá Teikn á lofti. Textinn verður einnig sendur til þýðingar á ensku.

Starfsskýrsla nefndarinnar árið 2009

Drög skýrslunnar voru lögð fram til kynningar.

Afgreiðsla:

Skýrslan verður unnin nánar fyrir næsta fund.

Önnur mál

Örnefnaskráningar

Kolbrún sagði frá þeim fundi sem hún, Guðríður og Þórólfur áttu með Guðrúnu Gísladóttur vegna örnefnaskráninga.

Fundi var slitið kl. 16:10 Næsti fundur verður haldinn 10. febrúar 2010.